



Fréttatilkynning
01 November 2024 10:20:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Útboð á grænum skuldabréfum í íslenskum krónum

Íslandsbanki hf. verður með lokað útboð á almennum skuldabréfaflokki ISB 36 1114 GB fimmtudaginn 7. nóvember 2024.

ISB 36 1114 GB er nýr grænn verðtryggður flokkur almennra skuldabréfa (e. senior preferred) sem ber fasta 3,50% verðtryggða vexti með árlegri vaxtagreiðslu. Lokagjalddagi er 14. nóvember 2036.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur er 14. nóvember 2024.

Andvirði útgáfunnar mun verða notað til lánveitinga sem uppfylla skilyrði sem sett eru fram í sjálfbærum fjármálaramma Íslandsbanka. Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans: <https://www.islandsbanki.is/is/grein/sjalfbaer-fjarmalarammi>.

Útgáfan verður gefin út undir 2,5 milljarða dollara Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans ásamt viðaukum má finna á vefsíðu fjárfestatengsla: [EMTN grunnlýsing](#)

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum vegna útboðsins skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 7. nóvember 2024.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

MAR Legend

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssýni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á grænum skuldabréfum í íslenskum krónum](#)